

Anna Guðrún er heimsmeistari í ólympískum lyftingum



Anna Guðrún Halldórsdóttir frá Hveragerði setti nýlega fjögur heimsmet á Masters World Weightlifting Championships, sem haldið var í Rovaniemi, Finnlandi um síðustu helgi. Mótið er ætlað keppendum 35 ára og eldri, og keppti Anna Guðrún í flokki kvenna á aldrinum 55-59 ára.

Stefnan hjá Önnu Guðrún var að bæta heimsmetið í snörun (snatch) og tókst það með því að lyfta 61 kg, sem var nýtt heimsmet. Hún hóf keppnina á 56 kg, bætti síðan Evrópumet sitt með því að snara 59 kg, og endaði með að setja bæði Evrópu- og heimsmet með lyftu upp á 61 kg. Hún setti einnig heimsmet í jafnhöttun (clean & jerk) með lyftu upp á 79 kg, en hafði áður náð heimsmeti upp á 78 kg í Haugesund í júní. Anna Guðrún reyndi að bæta metið um tvö kíló til viðbótar, en lyfta hennar við 81 kg var dæmd ógild vegna smávægilegrar fjaðrunar í olboga.

Setti fjögur heimsmet

Eftir lokakeppni var ljóst að hún hafði sett fjögur heimsmet þar sem samantlagður árangur hennar í snörun og jafnhöttun, þ.e. heildarþyngdin sem hún lyfti í báðum greinum, var

einnig heimsmet. Anna Guðrún kemur því heim með þrjú viðurkenn heimsmet úr mótinu.

Keppendum á mótinu er skipt í alders- og þyngdarflokka, og var Anna Guðrún í flokki W55, sem samanstendur af konum á aldrinum 55-59 ára. Elsti karlkyns keppandinn var 91 árs, Rudolf frá Þýskalandi, en elsta konan var Finninn Terttu, 80 ára.

Anna Guðrún var himinlifandi með árangurinn og heimsmeistaratitilinn. Hún hafði undirbúið sig vel fyrir mótið, mætt fjórum dögum fyrir keppni til Finnlands, og reyndi að hafa sem mest gaman af ferlinu. „Ég var búin að æfa vel frá Evrópumótinu og vissi að mér ætti að ganga vel. Ég reyndi að slaka á dagana fyrir mót og njóta stundarinnar,“ segir hún. „Þó að smá stress hafi verið til staðar í fyrstu lyftunni, þá fór það fljótt og ég naut þess að keppa.“

Að lokum vill Anna Guðrún þakka þjálfara sínum, Maríu Rún, fyrir óbilandi stuðning, sem og eiginmanni sínum, Gunnari. „Hann er stoð mín og stytta í gegnum allt ferlið,“ segir hún. Hún ætlar að halda áfram að æfa og setja sér ný markmið, en fyrst njóta sigursins.

EHI

Ljósheimar og Fossheimar fá veglega gjöf

Lionsklúbburinn Embla hefur nú starfað í 35 ár og hefur haft að aðalmarkmiði að styðja við stofnanir í heimabyggð. Í vor færði klúbburinn dvalarheimilunum Fossheimum og Ljósheimum á Selfossi tvær fullkomnar lyfjadælar, sem nýtast mjög vel við ummönnun

á mikið veiku fólki og léta störf starfsfólks. Einnig gaf hann rausnarlega peningagjöf til kaupa á tómstundavörum frá Spilavinum. Forstöðukona heimilanna, Unnur Ósk Eyjólfsdóttir, tók við gjöfunum og þakkaði fyrir.

Í vor hélt Lionsklúbburinn

Embla upp á 35 ára afmælið með vel heppnaðri ferð til Alicante á Spáni og var dvalið þar í rúma viku þar sem slappað var af og skemmt hvorri annari.

Fljótlega hefst svo nýtt starfsár með nýjum fyrirheitum, vonandi verður það gjöfult fyrir klúbbinn og samfélagið.



Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA bZ4X

100% RAFMAGNSBÍLL

 Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

Stefnan er skýr - höldum ótrauð áfram

Í stóru samfélagi er að mörgu leyfi að hyggja. Það veldur óneitanlega áhyggjum þegar fréttir af auknum vopnaburði og ofbeldi barna koma í fjölmiðlum. Við þurfum öll að bregðast við með yfirveguðum hætti með það að markmiði að gera samfélagið okkar öruggara. Við foreldrar erum í lykilhlutverki í að fræða börnin okkar um alvarleika ofbeldis og afleiðingar þess. Fagfólk sveitarfélagsins vinnur nú að fræðslu og vitundarvakningu um málefnið með samstarfsaðilum „Öruggara Suðurlands“ og innan forvarnarteymis Árborgar. Áfram er það samvinna heimila, skóla og frístundastofnana sem skiptir höfuðmáli í að tryggja velferð barnanna okkar í Árborg.

Á góðri leið en ekki komin í mark

Rekstur Svf. Árborgar hefur tekið framförum og jákvæðum breytingum á undanförmum mánuðum. Bæjaryfirvöld hafa með einbeittum vilja snúið við neikvæðri rekstrarstöðu sveitarfélagsins, sem hefur verið ríkjandi frá árinu 2019. Þessi árangur er ekki síst merkjanlegur í bættingu rekstrarniðurstöðum bæði A- og B-hluta. Það sem af er ári er rekstur bæjarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins jákvæður um 1300 milljónir króna. Skuldir fara jafnframt lækkandi. Þrátt fyrir að vera enn ekki komin í mark eru þessar tölur vitnisburður um að við séum á réttri leið. Stefna meirihluta D- og Á-lista er skýr, að leggja áfram áherslu á endurskipulagningu og rekstrarúrbætur sem leiða til enn frekari árangurs. Tekjur af

sölu byggingarréttar hafa lagt sitt af mörkum til að styrkja lausafjárstöðuna. Má sem dæmi nefna einkisþekjur upp á 1200 milljónir króna sem hafa góð áhrif á rekstrarniðurstöðu. Viðbótarþekjur sem þessar draga úr þörf fyrir lántöku og aukna skuldsetningu. Slíkt er mjög mikilvægt skref í átt að sjálfbærni og uppbyggingu innviða. Það er ljóst að með þessum árangri og áframhaldandi áherslu á rekstrarhagkvæmni mun Árborg halda áfram að blómstra sem lifandi og fjölbreytt samfélag.

Sveitarfélagið Árborg hefur því miður, líkt og mynd 1 sýnir, verið rekið með talsverðum halla frá árinu 2019. Slíkt gengur auðvitað ekki við núverandi aðstæður og skýrir áherslur núverandi bæjarstjórnar á endurskipulagningu reksturs. Þetta er vissulega krefjandi verkefni en er að skila árangri og búast má við að niðurstaða í lok árs verði betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

En betur má ef duga skal. Við höfum ásamt frábæru starfsfólki viðhaldið góðri þjónustu við íbúa sveitarfélagsins en margir finna eðlilega fyrir aðgerðunum í formi hærri gjalda. Mér finnst rétt og heiðarlegt að benda hér á að framundan er umframálæg á útsvar, sem kemur til greiðslu með uppgjöri skattsins 1. júní 2025. Mikilvægt er að íbúar séu meðvitaðir um þessar álögur vegna stöðunnar og geti gert ráð fyrir þeim í sínum áætlunum. Við leggjum áherslu á gagnsæi í okkar starfi og upplýsingum til íbúanna, svo sem með þessum pistli.




Fjölbreytt lóðaframboð

Sveitarfélagið okkar heldur áfram að vaxa og mikilvægt er að lóðaframboð fyrir íbúðir og atvinnustarfsemi sé fjölbreytt. Slíkt næst fram með samstarfi sveitarfélagsins við öflugan einkaaðila. Frá sveitarfélaginu eru í auglýsingu lóðir undir einbýlishúsi í grónum hverfum. Í Víkurheiði eru tilbúnar lóðir undir atvinnustarfsemi. Við sem störfum fyrir bæjarfélagið finnum fyrir áframhaldandi áhuga á uppbyggingu víðsvegar í Árborg. Á næstunni verða því áfram auglýstar íbúðalóðir á Stokkseyri, Eyrarbakka og Selfossi ásamt atvinnulóð við Norðurhóla á Selfossi. Jafnframt hefur lóðaframboð á vegum einkaaðila haldist stöðugt.

Tökum vel á móti hausti Margt jákvætt er að gerast sem styður við samfélagið okkar og eykur lífsgæði. Nú styttest í opnun matvöru- og lyfjaverslunar við Eyraveg, golfvöllurinn hefur stækkað í 14 holur, nýtt verslunar- og þjónustuhúsnæði rís og fleiri íbúar bætast í hópinn. Við skulum taka vel á móti þeim.

Sumarið er víst á enda, mörgum fannst það líklega aldrei byrja. Ég vona að sem flestir hafi náð góðri samveru með sínum nánustu, sem eru verðmætustu stundir þegar horft er til baka. Sumarið var viðburðaríkt í Árborg. Bæjarhátíðir, íþróttamót, leikir og aðrir viðburðir í hverri viku og fjöldi gesta nýtti tækifærið til að heimsækja lifandi samfélag Árborgar. Gamla góða rútínan hefur þó sína kosti núna þegar skóla-, frístunda- og annað vetrarstarf er hafið. Njóttum haustsins.

Bragi Bjarnason, bæjarstjóri og foreldri í Árborg



Grunnskólinn í Þorlákshöfn stuðlar að jákvæðum samskiptum og kærleika

Dagana 11.-13. september nk. ætlar Grunnskólinn í Þorlákshöfn að halda kærleiksdaga. Tilfinnið er umræður um auknið ofbeldi meðal barna og unglinga. Áhersla verður lögð á hvernig hægt sé að stuðla að jákvæðum samskiptum og kærleika í skóla-samfélaginu. Skólinn ætlar að vinna kærleikslitaverk. Anna Margrét myndmenntakennari skólans skipuleggur verkefnið í samstarfi við 9. og 10. bekk. Unnið verður út frá setningunni: „Með kærleikann að vopni

sígrumst við á ofbeldi og hatri.“ Nemendur munu skrifa setningar á bleik og rauð hjörtu sem

tengjast því hvernig hægt sé að auka kærleika í umhverfinu.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Ingveldur Kristmannsdóttir
Fosstúni 15, Selfossi



lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi 22. ágúst. Útför hefur farið fram í kyrrþey, að ósk hinnar látnu.

Örlygur Jónasson
Guðrún Jónasdóttir
Ingvar Jónasson
og fjölskyldur

Rannveig Þórðardóttir
Guðmundur Gunnarsson

Haustfundur

Haustfundur Félags eldri borgara í Ölfusi verður fimmtudaginn 19. september kl. 16.30. Vetrarstarfið rætt ásamt öðrum málum.

Stjórnin



KARLAKÓR
HREPPAMANNA
stofnaður 1. apríl 1997



Karлакór Hreppamanna er að fara byrja æfingar þetta haustið en fyrsta æfing verður 17. september næstkomandi. Æfingar byrja kl. 20 og eru í Félagsheimili Hrunamanna. Kórstjóri er Atli Guðlaugsson.

Þess má geta að það stendur mikið til þetta starfsárið sem mun enda með ferð til Kanada á Hátið Verstur Íslendinga að Gimli mánaðarmótin júlí – ágúst. Lagavalið er því hefðbundin íslensk karlakóralög ásamt óvæntum slögurum. Þetta er því kjörið tækifæri fyrir fyrrum meðlimi og nýja að láta slag standa og koma og vera með okkur í vetur. Sjáumst 17. september!

Skannaðu kóðann og lestu blaðið



NÝTT BLAÐ ER KOMIÐ

Gerum huggulegt

Þitt með fyrirvara um prentvillur og féla myndabrengli.



VIÐ ERUM Á TIKTOK

ÞÚ GETUR UNNIÐ IPHONE

BYKO er loksins mætt á TikTok!
Við erum í gjafastuði og ætlum að gefa einum heppnum fylgjanda iPhone 15.
tiktok.com/@bykoiceland

Þú ert í pottinum með því að:

- Líka við
- Fylgja
- Merkja vin

FYLGDU OKKUR
Skannaðu kóðann



-20%
AF VÖLDUM FLÍSUM

-20%
AF BADPLÖTUM

-20%
AF VÖLDUM RUSLATUNNUM

-25%
AF INNI- OG ÚTILJÓSUM

-25%
AF LÖMPUM

-25%
AF PERUM

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

„Það er hægt að sjá grín í öllu“

Theodóra Guðnadóttir er 26 ára Selfyssingur búsett í Reykjavík. Undanfarin ár hefur hún verið að fikta við uppistand við góðan orðstír og hefur áhuga á öllu sem viðkemur leikhúsi.

Á ættir að rekja viðsvegar um Suðurland

Theodóra býr um þessar mundir í Reykjavík en er frá Selfossi. Foreldrar hennar eru Dýrfinna Sigurjónsdóttir og Guðni Sveinn Theodórsson. Pabbi hennar er úr Fljótshlíðinni og ólst upp að hluta til þar og svo á Hvolsvelli, „eða nafla alheimsins eins og Hvolhreppingar kalla það,“ segir Theodóra. Mamma hennar er fædd og uppalin í Skógum undir Eyjafjöllunum. „Mér þykir óskaplega vænt um Fljótshlíðina og Eyjafjöllin.“ Hún á tvö yngri systkin, Elísabetu Auði Guðnadóttur, sem nemur í arkitektúr í LHÍ, og Benjamín Guðnason sem er nýbakaður kokkur. „Svo má ekki gleyma kettinum Cathildi sem er dóttir mömmu en ekki pabba,“ tekur Theodóra fram.

Theodóra er vaktstjóri miðasölu Borgarleikhússins og er búin að vera það síðastliðin fimm ár. „Ég elska leikhúsið, að selja fólki upplifun, og ég er spennit fyrir nýju og gríðarlega metnaðarfullu leikári. Áhugamálin mín eru innan veggja leikhússins, uppistand, handritaskrif, leikstjórn og allt sem tengist leikhúsum.“

Tók þátt í myndnasta háskólanemanum

Aðspurð að því hvað fékk Theodóru til þess að leggja fyrir sig uppistand segist hún alltaf hafa haft gaman af því að halda ræður í veislum, afmælum og



öðrum viðburðum hjá vinum og fjölskyldu. „Þetta hófst af alvöru þegar ég tók þátt í myndnasta háskólanemanum árið 2021. Þar landaði ég silfrinu.“ Hún stundar nám í grunnskólakennslufræðum við Háskóla Íslands. „Vinir mínir voru að hvetja mig í að taka þátt í þessari keppni og ég sé alls ekki eftir því, þetta var mjög skemmtilegt. Ég hreppi annað sæti það árið en það var skrytið að taka þátt því þetta var í miðju Covid og ég var bara með dómarana fyrir framan mig og myndavél sem var sýnd í beinu streymi á Facebook. Þannig að fyrsta gíggið mitt var öðruvísi,“ segir Theodóra.

Tvær uppseldar sýningar í Borgarleikhúsinu

Theodóra var með tvær uppistandssýningar á litla sviðinu í Borgarleikhúsinu í maí og júní sl. Þær seldust báðar upp og gekk mjög vel. „Svo er ég búin að vera úti um allt land í sumar, meðal annars í Vallaskóla núna í ágúst þar sem ég fór með uppistand fyrir gamla kennara mína og stuðningsfulltrúa, örugglega

mest stressandi gigg hingað til en ótrúlega gaman og vel heppnað.“

Aðspurð hvaðan hún fær innblástur fyrir efnið sitt segist hún aðallega fá hann úr daglegu lífi. „Það er hægt að sjá grín í öllu. Svo er ótrúlega myndið fólk í kringum mig, bæði vinir og fjölskylda, en þau allra myndu eru systkini mín.“

Hún segir tilfinninguna að fara með uppistand vera ólysánlega. „Dópamínið er alveg í botni. Gleði, þakklæti, spenna og stemning allt í bland!“ Allir í kringum hana eru mjög hvetjandi og hjálpsamir.

Fleiri sýningar væntanlegar

Theodóra segir að fleiri sýningar séu væntanlegar í náinni framtíð. „Um þessar mundir er ég upptekin í öðrum verkefnum en á sama tíma er ég að safna efni og kokka upp nýtt uppistand.“ Hún segist vilja leggja þetta fyrir sig í framtíðinni og að hún haldi þessu ótraud áfram á meðan hún og aðrir hafi gaman að þessu.

Það er nóg á döfinni hjá Theodóru þessa dagana. „Það er nýtt leikár að fara af stað hjá okkur í Borgarleikhúsinu svo það er nóg að gera í vinnunni. Ég er líka formaður starfsmannafélags Borgarleikhússins svo ég verð að fara að skipuleggja skemmtun fyrir fólkið sem skemmtir landanum allar helgar ársins. Síðan er ég að fara á þriðja og síðasta árið mitt í B.Ed.-námi og nóg að gera. Ég var einnig að taka að mér að vera með umsjón og leikstýra Skrekk hjá Sæmundarskóla í Reykjavík. Ég hef sumsé ekki undan neinu að kvarta, allra síst verkefnaskorti og það er spennandi haust framundan.“



Sunnlenski matgæðingurinn



Matthea Sigurðardóttir er matgæðingur vikunnar.

Ég þakka Elvu, minni kærú samviskunorn, fyrir áskorunina og gleðst yfir tækifærum sem þessum til að deila matargleði.

Að þessu sinni er um að ræða uppskrift að forrétti og eftirrétti. Aðalréttur er algjört aukaatriði þegar þessar kræsingar eru á boðstólum. Við Siggí, sonur minn, erum sólgín í góðar snittur og eigum oft notalegar stundir við að raða saman kræsingum á mjúkt snittubrauð með stökkri skorpu. Þessar eru í algjöru uppáhaldi hjá okkur.

Mozzarella snittur (fyrir 2-3)

Eitt nýtt og ilmandi snittubrauð
2 mozzarellakúlar
5 íslenskir tómatar
Ríflægur skammtur af ferskri basilíku
Sítrónusafi
Salt og pipar

Skerið snittubrauðið, mozzarellakúlurnar og tómatauna í hæfilega þunnar sneiðar. Bleytið upp í brauðinu með sítrónusafa. Raðið mozzarella, tómötum og basilíku á brauðið og saltið og piprið eftir smekk. Við Siggí erum svo ekki rög við að demba öðrum skammti af sítrónusafa yfir allt áður en við gleypum þetta í okkur.

Frönsk súkkulaðikaka

Botn:
2 dl sykur
200 gr smjör

Ég skora á Viktor Hólm Jónmundsson vin minn, sem einnig er þekktur undir nafninu káti kokkurinn, að koma með eitthvað gott fyrir ykkur í næstu viku. Þegar hann setur á sig svuntuna og mylur kryddagnir milli fingranna í rísandi svani gerast ótrúlegir hlutir.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Matthea Sigurðardóttir.

200 gr suðusúkkulaði
1 dl hveiti
4 stk egg

Þeytið eggin og sykurinn vel saman. Bræðið smjórið og súkkulaðið saman við vægan hita í potti. Blandið hveitinu saman við eggin og sykurinn. Bætið bráðnu súkkulaðinu og smjörinu að lokum varlega út í deigið. Setjið í vel smurt form (mjög gott að nota silikonform). Bakið við 170°C í 25 mín.

Súkkulaðiþráð:

150 gr suðusúkkulaði
70 gr smjör
2 msk. síróp

Látið allt saman í pott og bræðið saman við vægan hita. Kælið bráðina svolítið og berið hana síðan á kökuna. Gott að bera fram með jarðarberjum og rjóma. Verði ykkur að góðu.



DAGSKRÁIN

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyurvegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaeld: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Búin til úr hári hún,
hreiðrar sig í æðardún,
ein er þyrstum ekki nóg,
einn í plús um ref í skóg.

Svar við gátu í blaði 2765: BER



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar

Eyurvegi 25 | Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is | prentmetoddi.is

galleri OZONE

AUSTURVEGI 35
SELFOSSI

10 ára

Í tilefni þess viljum við
þakka ykkur
viðskiptavinum okkar
og bjóða í afmælisteiti
fimmtudagskvöldið
12. september kl. 18-22

Okkur þætti vænt um að sjá
sem allra flesta!

*Léttar veitingar, lifandi tónlist og
tilboð í verslun allan daginn*



LÍFLAND SELFOSSI
Austurvegi 69
Sími 540 1165

ÚTSALA
30-70% af
AFSLÁTTUR vörum

Réttir á Suðurlandi

Fjár- og stóðréttir eru að byrja um land allt um þessar mundir. Það er ekki skortur á þeim á Suðurlandi. Hér að neðan má sjá lista yfir tímasetningar á auglýstum réttum sem framundan eru í landshlutanum.



Heimild: Bændablaðið

Austur-Landeyjaréttir hjá Grenstanga, Rang.	Sunnudaginn 24. september kl. 14.00
Brúsastaðarétt í Þingvallasveit, Árn.	Sunnudaginn 15. sept. kl. 17.00
Fljótshlíðarétt í Fljótshlíð, Rang.	Sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00
Heiðarbæjarétt í Þingvallasveit, Árn.	Laugardaginn 14. sept. kl. 15.00
Hrunaréttir í Hrunamannahreppi, Árn.	Föstudaginn 13. sept. kl. 10.00
Landréttir við Áfangagil, Rang.	Fimamtudaginn 19. sept.
Laugarvatnsrétt, Árn.	Vantar upplýsingar
Reyðarvatnsréttir á Rangárvöllum	Laugardaginn 21. sept.
Reykjaréttir á Skeiðum, Árn.	Laugardaginn 14. sept. kl. 09.00
Grafningsrétt í Grafningi	Mánudaginn 16. sept. kl. 09.45
Seljalandsréttir undir Eyjafjöllum, Rang.	Laugardaginn 14. sept.
Selvogsrétt í Selvogi, Árn.	Sunnudaginn 26. sept. kl. 9.00
Skaftholtsréttir í Gnúpverjahreppi, Árn.	Föstudaginn 13. sept. kl. 12.00
Tungnaréttir í Biskupstungum	Laugardaginn 14. sept. kl. 9.00
Vestur-Landeyjaréttir við Forsæti, Rang.	Sunnudaginn 22. sept. 14.00
Þórkötlustaðarétt í Grindavík	Laugardaginn 21. sept. kl. 14.00
Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi	Sunnudaginn 19. sept. kl. 14.00

Breyting á deiliskipulagi miðbæjarsvæðis vegna íþróttahúss



Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 5. september 2024 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu á deiliskipulagi miðbæjarsvæðis í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingartillagan nær til samfélagsþjónustusvæðis S6 þar sem grunnskóla og íþróttahús er að finna. Markmið breytingarinnar er að skipta upp lóðum grunnskóla og íþróttahúss í tvær lóðir, tilfærsla á lóðamörkum innan reitar, flutningur á byggingareit á lóð Breiðamerkur 24, flutningur byggingareit við íþróttahús svo að hann rúmi stækkun á íþróttahúsi með löglegum keppnisvöllum og aðkomubyggingu sem og breytingar á fyrirkomulagi og fjölda bílastæða. Nýtingarhlutfall verður óbreytt 0,6 á reitnum í heild í samræmi við skilmála aðalskipulags.

Tillagan er aðgengileg á Skipulagsgátt undir mál- snúmeri 1079/2024, liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 sem og á heimasíðu Hveragerðisbæjar.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera skriflega athugasemd með umsögn á Skipulagsgátt, í síðasta lagi 25. október 2024.

Allar fyrirspurnir skulu berast á netfangið hildur@hveragerdi.is

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

Skeiða- og Gnúpverjahreppur kærir leyfi vegna Búrfellslundar

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti í gær að fela oddvita í samráði við lögmennt að kæra virkjunarleyfið sem Orkustofnun hefur gefið út fyrir Búrfellslund til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum en einn sat hjá.

Í fundargerð kemur fram að Þjórsár- og Tungnaárvæði sé mikilvægasta orkuvinnslusvæði Íslands. Uppsett afl virkjana á svæðinu er um 1.050 MW. Þar af er næstum helmingurinn, eða 505 MW af uppsettu afli, staðsett í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu eru mestu virkjanaframkvæmdir Íslands fyrirhugaðar á

komandi árum.

„Öll þessi virkjunaráform, sem stefnt er á að hefjist á komandi mánuðum, ásamt fleiri virkjunarkostum á komandi árum, skapa gríðarlega neikvætt inngríp í náttúru svæðisins, enn meiri en nú þegar er orðið. Áhrif virkjunarkostanna á nærumhverfi þeirra verða varanleg, hvort sem litið verður til náttúru, efnahagslegs eða félagslegs nærumhverfis. Við núverandi lagaumgjörð liggur fyrir að allar þessar virkjanir sem fyrirhugaðar eru á svæðinu, munu ekki skila neinum tekjum til Skeiða- og Gnúpverjahrepps og situr því sveitarfélagið og nærumhverfi þess uppi með öll neikvæðu umhverfisáhrifin og veikara sam-

félag. Slík staða er óásættanleg,“ segir í fundargerð sveitastjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Einnig er tekið fram í fundargerð að stjórnvöld á Íslandi hafi boðað stefnumörkun um vindorkuver á landinu þar sem fram kemur að ekki eigi að byggja vindorkuver innan miðhálandislínunnar. Staðsetning Búrfellslundar stríðir gegn þessari stefnumörkun þar sem hann er innan miðhálandislínunnar, við hliðina á Þjórsárdal þar sem er stærsta friðlýsing menningarminja, náttúru- og menningarlanslags á Íslandi. Vindorkuverið er jafnframt í nágrenni við gríðarlega uppbyggingu í ferðaþjónustu í Þjórsárdal.



BYR
FASTEIGNASALA

ELÍN KÁRA
Löggiltur fasteignasali

Skannaðu kóðann og skoðaðu allar eignirnar sem við höfum á sölu!

483-5800
byr@byrfasteignasala.is
www.byrfasteign.is

REKSTUR OG VIÐHALD

Skelltu þér til okkar við Sogið!

Framtíðarsýn okkar hjá Landsvirkjun er sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku, en hún kemur meðal annars frá aflstöðvum okkar á Sogssvæði.

Við óskum eftir liðsauka í öflugt teymi starfsfólks á svæðinu, þar sem við reukum þrjú vatnsaflsstöðvar: Írafossstöð, Ljósafofssstöð og Steingrímsstöð. Störfín eru fjölbreytt og spennandi og fela í sér viðhald, eftirlit og rekstur aflstöðva og veitumannvirkja á svæðinu, auk ástandsmælinga og greiningar á raf- og vélbúnaði. Um tvö stöðugildi í dagvinnu er að ræða, annars vegar fastráðningu og hins vegar tímabundna ráðningu til 31. ágúst 2025.

Hæfni:

- Menntun á véla- og/eða rafmagnssviði
- Þekking á viðhaldi búnaðar; véla-, vökva- og rafkerfa
- Þekking á loftkerfum, teikningalestri og stjórnkerfum er kostur
- Lípurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 18. september

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/storf



GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM LAUSAR BYGGINGARLÓÐIR Á BORG Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPP

Um er að ræða 5 einbýlishúsalóðir, 4 parhúsalóðir, 2 raðhúsalóðir og eina fjölbýlishúsalóð.

Lóðirnar eru auglýstar á grundvelli nýs deiliskipulags á svæðinu. Lokið verður við gatnagerð í september 2024 og er við afhendingu búið að malbika götur, gangstéttar og gangstíga ásamt því að götulýsing er tilbúin. Hús munu tengjast vatns-, hita-, og fráveitu sveitarfélagsins. RARIK er með rafmagn á svæðinu og ljósleiðari er frá Mílu.

Mikil uppbygging er fyrirhuguð á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi í nánustu framtíð. Búið er að skipuleggja nýtt íbúðahverfi á svæðinu, sem verður paradís fyrir þau sem kjósa kyrrð og ró fram yfir ys og þys – en vilja samt hafa alla þjónustu í næsta nágrenni. Sérstök áhersla er lögð á að byggðin tengist nærliggjandi þjónustukjarna á nýju miðsvæði og gott flæði verði milli innviðanna á svæðinu.

Hér er um að ræða frábært tækifæri fyrir verktaka og einstaklinga til að taka þátt í uppbyggingu á nýrri og spennandi íbúðabyggð á besta stað á Suðurlandi.

Umsóknareyðublöð, lóðarblöð, skipulags- og byggingarskilmála og aðrar upplýsingar er að finna á vefsíðunni borgisveit.is.

Umsóknarfrestur er til og með 26. september 2024.



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is

Margt framundan hjá Glímuráði HSK

Haustfundur Glímuráðs HSK var haldinn í Selnu á Selfossi sl. þriðjudag. Það var stjórn ráðsins sem boðaði til fundarins og voru fulltrúar félaga í ráðinu hvattir til að mæta og þá var glímuáhugafólk velkomið á fundinn.

Stjórn ráðsins lagði fram drög mótaskrá Glímuráðs í vetur og ákveðið var að halda Fjórðungsglímu á Hvolsvelli í nóvember, Grunnskólámót HSK í Reykholti í febrúar og héraðsglímu á Laugalandi í mars.

Jana Lind Ellertsdóttir framkvæmdastjóri Glímusambandsins og varaformaður Glímuráðs kynnti mótahald Glímusambandsins í vetur og fleiri verkefni sem eru framundan. Fram kom að næstu viðburðir Glímusambandsins eru haustmót 5.



október á Laugum í Sælingsdal, Iceland Open 26.-27. október í Vogum og æfingabúðir 15.-17. nóvember í Reykholti í Biskups-tungum.

Fleiri mál voru rædd á fundinum og þar má nefna farandgripi HSK í glímu og nauðsyn þess að setja reglur um hvernig geyma eigi Skarphéðinsskjöld-

inn og Bergþóruskjöldinn milli móta. Á fundinum kom fram að nýtt félag á Selfossi sé að hefja starfsemi en það mun sækja um aðild að HSK á næstu dögum. Fulltrúi félagsins mætti á fundinn og nefndi að félagið stefndi að því að bjóða upp á glímu-æfingar fyrir börn og fullorðna þegar fram liða stundir.



Sjö leikmenn ganga til liðs við kvennalið Selfoss

Körfuknattleiksfélag Selfoss skrifaði í vikunni undir samninga við sjö leikmenn sem koma til með að leika í nýstofnuðum meistara-flokki kvenna. Liðið spilar í 1. deild í vetur og er fyrsti heima-leikur liðsins í Vallaskóla gegn ÍR 26. október.

Þær sem skrifuðu undir voru í stafrófsröð: Aðalbjörg Sara Olsen Bjarnadóttir, Diljá Salka Ólafsdóttir, Elín Þórdís Pálsdóttir, Eva Margrét Þráinsdóttir, Eva Rún Dagsdóttir, Kolbrún Katla Halldórsdóttir, Perla María Karlsdóttir. Eva Rún söðlar um og kemur til liðsins frá Tindastól og þá eru Aðalbjörg Sara, Diljá, Elín og Eva Margrét afrakstur yngri flokka starfsins á Selfossi. Perla María dregur skóna fram á ný, en hún spilaði síðast með sameiginlegu liði Hamars/Selfoss í 1. deild og að lokum kemur Kolbrún Katla til liðs við okkur frá ÍR.

Eftir undirritun er komin mynd á liðið, auk þeirra sem nú skrifuðu undir skrifuðu þær Anna Katrín Víðisdóttir og Valdís Una Guðmannsdóttir undir í lok sumars. Davíð Ásgrímsson þjálfari liðsins segir að "liðið sé skipað ungum og efnilegum leikmönnum sem hafi margar hverjar lagt grunninn að stofnun liðsins og því sé mikil spenna í gangi fyrir komandi tímabili".

Undirskriftin markar tímamót í sögu félagsins þar sem meirihluti leikmanna meistara-flokks kvenna í dag hafa slitið skónum á parketinu á Selfossi frá barnsaldri. Þetta er afrakstur ört stækkandi körfubolta-starfs á Selfossi og er í takt við markmið félagsins. Guðbjörg Bergsveinsdóttir formaður félagsins segir: „Það er markmið félagsins að gefa ungum og efnilegum iðkendum tækifæri að spila fyrir sitt heimalið í meistaraflokkum félagsins og t.d. æfði og spilaði hópur ungra uppallinna leikmanna með meistaraflokki karla síðasta vetur. Félagið ákvað að endurvefja meistaraflokk kvenna nú í vor og mun ungt og efnilegt lið keppa í 1. deildinni í vetur. Selfoss karfa hefur ekki átt kvennalið í tíu ár og því talsvert áttak að koma því í gang. Liðið byggir að langstærstu leyti á leikmönnum undir tvítugu af svæðinu en iðkendur allt niður í 13 ára hafa fengið að taka þátt í æfingum í sumar. Lykilástæður þess að farið var af stað með meistara-flokk kvenna er að yngri iðkendur okkar hafi fyrirmyndir í sinni grein, það sé spennandi að hafa eitthvað að stefna að í sinni heimabyggð og hvetja enn fleiri stelpur til að koma í körfu.“ Liðið hefur keppt á útileik á móti Ármanni þann 4. október nk.

Landsbankinn styður áfram við Handknattleiksdeild Umf. Selfoss

Á dögunum var skrifað undir samning um áframhaldandi stuðning Landsbankans við Handknattleiksdeild Umf. Selfoss. Með samstarfinu vill bankinn sýna í verki áhuga sinn og stuðning við forvarnar-, æskulýðs- og íþróttamál.

Landsbankinn hefur verið einn af aðalstyrktaraðilum Handknattleiksdeildarinnar um langt skeið, en fyrsti samstarfs-samningurinn var undirritaður árið 2005 og eru því um miðbik núverandi samnings liðin 20 ár frá því að þetta farsæla samstarf hófst. Handknattleiksfolk á Selfossi hlakkar til áframhaldandi



góðs samstarfs við bankann. Sem fyrr byggir starf deildarinnar á góðum stuðningi samstarfsaðila félagsins og því er mikill akkur í samstarfi við öflugt fyrirtæki á borð við Landsbankann.

Tækifæri og styrkir í alþjóðasamstarfi



Vík í Mýrdal

20. september - Kötlusetur - Upplýsingamiðstöð, Víkurbraut - kl. 13:00 - 14:30

Selfoss

26. september - Tryggvaskáli, Tryggvatorg - kl. 14:00 - 16:00



Nánari upplýsingar og skráning á www.evropusamvinna.is
Öll velkomin!



Harpa Valey framlengir við Selfoss

Harpa Valey Gylfadóttir hefur skrifað undir nýjan samning við handknattleiksdeild Umf. Selfoss til þriggja ára.

Harpa kom á Selfoss fyrir síðasta tímabil frá uppeldisfélagi sínu, ÍBV. Harpa er feiki-

lega snöggur leikstjórnandi sem býr yfir ýmsum leiðum til að ógna sóknarlega. Á nýliðnu Ragnarsmóti kvenna var hún valin sóknarmaður mótsins.

Þegar Harpa kom á Selfoss var það meðal annars til að fá tækifæri til að leika á miðjunni,

þar reyndist hún smellpassa inn í lið Selfoss. „Það er virkilegt gleðiefni að Harpa velji að taka áfram þátt í uppbyggingu kvennaboltans á Selfossi,“ segir í tilkynningu frá Selfyssingum.



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Flóahreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar eftirfarandi skipulagslýsingar og tillögur vegna breytinga á aðalskipulagsáætlunum:

1. Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029; Nýtt vatnsból og vatnsverndarsvæði í Áshildarmýri; Aðalskipulagsbreyting - 2408073

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. september 2024 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar, sem tekur til skilgreiningar á vatnsbóli í landi Hjálmhólts. Vatnsbólið er í Flóahreppi en vatnsverndarsvæði er skilgreint þvert á sveitarfélagsmörk í Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Borað hefur verið eftir vatni á staðnum og er vatnsbólið í notkun. Samhliða er gerð breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 þar sem gerð er grein fyrir vatnsverndarsvæði.

2. Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029; Hjálmholt og Áshildarmýri; Vatnsból og Vatnsverndarsvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2406076

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. september 2024 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar, sem tekur til nýs vatnsverndarsvæði í Áshildarmýri. Vatnsbólið sem vatnsverndarsvæðið tekur til er í Flóahreppi og er lögð fram sambærileg tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna skilgreiningar á vatnsbóli innan Flóahrepps.

3. Stóra-Ármót L166274; Stækkun íbúðarbyggðar; Aðalskipulagsbreyting - 2408030

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. september 2024 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til umsóknar um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Svæðið sem breytingin nær til er úr landi Stóru-Ármóta L166274. Áætlað er að stækka 9 ha íbúðarbyggð um 4 ha og fjölga lóðum úr 7 í 10, um 1,3 ha hver. Svæðið er skilgreint sem íbúðarbyggðarsvæði ÍB4 í gildandi aðalskipulagi. Landbúnaðarland minnkar sem nemur breytingunni.

4. Skógarlundur L236998; Skógræktarsvæði; Verslunar- og þjónustustarfsemi; Aðalskipulagsbreyting - 2312032

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. september 2024 að kynna skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingar, sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Í breytingunni felst að skógaræktarsvæði er breytt í verslunar- og þjónustusvæði.

5. Kópsvatn 2; Breytt skilgreining námu E8; Aðalskipulagsbreyting - 2408034

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. september 2024 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Með breytingunni verður efnistökusvæðið E28 á Kópsvatni stækkað úr 1,5 ha í um 24 ha. Svæðið sem um ræðir er í gildandi skipulagi landbúnaðarland. Heimilt verður að vinna allt að 300.000 m³ af efni. Mikil þörf er fyrir góðar efnisnámur í Uppsveitum Árnessýslu vegna byggingar íbúða og gatnagerðar, einkum á Flúðum og í Reykholti. Náman er með framkvæmdaleyfi fyrir vinnslu á 50.000 m³ af efni. Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður send fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

6. Útey 2 L167648; Mýrarskógur og Eyjavegur; Breyttir landnotkunarflokkar; Aðalskipulagsbreyting - 2212016

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. mars 2024 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar er varðar Útey 2. Breytingin nær til þess hluta af frístundasvæði F21 sem er innan Úteyjar 2 L167648 auk nýrra svæða austan Laugarvatnsvegar. Reitir F21 nær yfir nokkrar jarðir en í breytingu þessari er aðeins lagt til að breyta þeirri landnotkun sem er innan Úteyjar 2 og í henni felst tilfærsla á frístundasvæði í landbúnaðarsvæði og öfugt.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga:

7. Þjósárbraut 2; Stórholt; Landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu; Deiliskipulagsbreyting - 2408027

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. september 2024 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til deiliskipulags búgarðabyggðar í landi Stórhólts, Smáholts og Litlahólts. Breytingin er gerð samhliða aðalskipulagsbreytingu þar sem skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði á hluta landsins. Í breytingunni felst að skilgreind er lóð Þjósárbraut 2A. Á lóðinni er heimilt að reisa um 350 fm þjónustuhús, þar sem jafnframt er heimilt að hafa 4 - 5 gistirými fyrir samtals um 20 gesti og um 30 - 40 gestahús til útleigu, sem eru um 30 fm hvert, fyrir samtals um 60 - 80 gesti. Enn fremur er heimilt að reisa um 200 fm íbúðarhús/starfsmannahús og um 200 fm aukahús s.s. gestahús, gróðurhús, hesthús og/ eða geymslu/skemmu.

8. Drumboddsstaðir 1 L167076; Hrísbraut 5; Stofnun lóðar; Deiliskipulag - 2408046

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. september 2024 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til stakrar frístundalóðar, Hrísbrautar 5, úr landi Drumboddsstaða innan frístundasvæðis F86.

9. Efra-Apavatn 1D L226190; Frístundalóðir og skógrækt; Deiliskipulag - 2404002

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. september 2024 að auglýsa tillögu deiliskipulags þar sem um er að ræða skilgreiningu frístundalóða og byggingarheimilda innan frístundasvæðis F21. Samtals er gert ráð fyrir 8 lóðum á svæðinu. Á hverri lóð er gert ráð fyrir heimildum fyrir frístundahús, gestahús/aukahús allt að 40 fm og geymsluhús að 15 m² innan hámarksnýtingarhlutfalls 0,03.

10. Hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum; Neðri-Hveradalir reitur 10; Bílastæði og þjónustuhús; Endurskoðað deiliskipulag - 2302035

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. september 2024 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til skilgreiningar á byggingarheimildum fyrir þjónustuhús og bílastæði við Neðri-Hveradali. Ákveðið var að vinna nýtt deiliskipulag í stað þess að vinna breytingu á gildandi skipulagi svæðisins. Það felur í sér að við gildistöku nýs deiliskipulags fyrir reit 10, þá verður sama svæði fellt úr gildi í deiliskipulagi frá 2014 með óverulegri breytingu sem tekur gildi samhliða framlagðri deiliskipulagstillögu. Samkvæmt tillögunni verður heimilt að byggja allt að 20 m² þjónustuhús með salernum. Heimilt er að vera með palla umhverfis húsið og aðstöðu fyrir gesti til að setjast niður, njóta útsýnis og borða nesti. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi bílastæða geti verið allt að 84. Tillagan var áður samþykkt í sveitarstjórn eftir auglýsingu þann 18.4.2024. Þar sem meira en ár er liðið frá því að athugasemdafresti við tillöguna lauk er hún auglýst að nýju.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni [www.utu.is](#) og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar [skipulagsgatt.is/](#). Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna [www.floahreppur.is/](#), [www.blaskogabyggd.is/](#), [www.fludir.is](#) og [www.skeidgnup.is](#).

Mál 1 - 5 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 12. september 2024 með athugasemdafresti til og með 4. október 2024.

Mál 6 - 10 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 12. september 2024 með athugasemdafresti til og með 25. október 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið [skipulag@utu.is](#). Bendum jafnframt á að málin eru aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar [skipulagsgatt.is/](#).

Rannsóknarleit Selfossveitna heldur áfram að skila árangri



Sveitarfélagið Árborg er ört stækkanði samfélag sem hefur tekist á við talsverðar áskoranir á undanförunum árum. Selfossveitur sjá sveitarfélaginu fyrir heitu vatni og hafa svo sannarlega fundið fyrir vextinum. Veitan hefur þurft að stækka í takt við aukna eftirspurn og var því aukinn kraftur settur í rannsóknarleit eftir heitu vatni strax í upphafi kjörtímabilsins, árið 2022. Þessi áhersla á aukna rannsóknarleit hefur nú þegar skilað árangri.

Veitan var komin að þolmörkum

Þegar nýr meirihluti tók við vorið 2022 var veitan komin að þolmörkum. Samþykkt byggingaráform voru orðin meiri en geta Selfossveitna og því þurfti að takmarka útgáfu byggingarleyfa tímabundið. Veturinn 2022-2023 var veitunni þungbær þar sem löng kuldatið og eldsvoði í dæluhúsi varð til þess að orkuöflun hitaveitunnar skertist um tíma. Viðbragðsáætlun Selfossveitna var því virkjuð. Fyrsta stig viðbragðsá-

ætlunar var að biðja íbúa um að fara sparlega með heitt vatn og lækka í snjóbræðslum á gervigrasvöllum. Því miður þurfti að grípa til næsta stigs sem var að loka sundlaugum og var útsvæði Sundhallar Selfoss lokað í fimm vikur ásamt því að hitinn var lækkaður í öllum skóla- og íþróttamannvirkjum í jóla-leyfinu. Á þessu tímabili var hámarksálag hjá Selfossveitum á afhendingu af heitu vatni, þó að búið væri að grípa til fyrrgreindra aðgerða. Mesta afhendingargeta síðustu ára var um 300 lítrar á sekúndu.

Árangur í orkuöflun og breytt staða

Jákvæðar fréttir bárust síðan í febrúar 2023 þegar vinnulegt magn af um 85 gráðu heitu vatni fannst við rannsóknarleit á norðurbakka Ölfusár. Borholan ber nafnið SE-40 og gefur um 30 lítra á sekúndu. Framkvæmdir hófust strax við byggingu á dæluhúsi og lagningu nýrrar stofnlagnar undir Ölfusárbrú ásamt öðrum lögnum til að

tengjast núverandi dreifikerfi. Þessi nýja vinnsluhola eykur afköst Selfossveitna um 10% en gert er ráð fyrir að hún verði tekin í notkun á næstu vikum.

Aftur bárust jákvæð tíðindi í mars á þessu ári þegar jarðhitaleit á suðurbakka Ölfusár við Hótel Selfoss skilaði árangri. Þar fannst hola sem ber nafnið SE-45 og skilar um 15-20 lítrum á sekúndu af yfir 70 gráðu heitu vatni. Hönnun á dæluhúsi er hafin og gert er ráð fyrir að hola verði komin í notkun eftir um eitt ár.

Í byrjun ágúst skilaði jarðhitaleitin aftur árangri við bakka Ölfusár, í þetta sinn við enda götunnar Sólúns þar sem holan, SE-46, gæti skilað um átta lítr-

um á sekúndu af yfir 80 gráðu heitu vatni. Fyrir ört vaxandi samfélag eru þetta góðar fréttir.

Rannsóknarleit og orkuöflun hvergi nærri hætt

Staðsetning á þessum nýju vinnsluholum er mjög hagkvæm. Það er dýrmett að hafa orkuöflunarsvæði svona nálægt byggð þar sem stutt er í dreifikerfið. Starfsmenn Selfossveitna vinna hörðum höndum að virkjun á þessum nýju holum sem tekur um 1-2 ár að koma inn á dreifikerfið.

Leit eftir heitu vatni getur verið tímafrek, kostnaðarsöm og, því miður, ekki alltaf skilað tilætluðum árangri. Það er því virkilega ánægjulegt að rann-

sóknarleit Selfossveitna síðustu tvö ár sé að skila aukinni afkastagetu sem nemur um 53 lítrum á sekúndu, sem er góð viðbót við þá 300 lítra á sekúndu sem fyrir eru í kerfinu. Vinnunni er þó hvergi nærri lokið enda þurfum við að horfa mörg ár fram í tímann til að geta annað eftirspurn til framtíðar. Það er stefna núverandi meirihluta að rannsóknarleit Selfossveitna haldi áfram til að tryggja íbúum og fyrirtækjum heitt vatn til framtíðar í Árborg.

Formaður bæjarráðs og eigna- og veitunefndar í Sveitarfélaginu Árborg. Sveinn Ægir Birgisson



Hljómsveitin Hagl gefur út nýtt lag

Sunnlenska hljómsveitin Hagl gaf út nýtt lag á dögunum sem ber heitið Segðu mér. Meðlimir hljómsveitarinnar eru Sunnlendingar í meirihluta og eiga rætur sínar að rekja til Selfoss, Hveragerðis, Stokkseyrar og Dalvíkur. Hljómsveitina skipa Þórir Geir Guðmundsson, Matthías Hlífur Pálsson, Tómas Smári Guðmundsson og Dagur

Atlan.

Í samtali við Þóri, söngvara hljómsveitarinnar, segir hann að hugmyndin að laginu hafi komið á erfiðum sunnudegi eftir örlagaríkt kvöld á helstu krám Suðurlands. Hann og Tómas sömdu lagið. Hann segir lagið vera um stóran dreng með brotið hjarta.

Þegar Þórir er spurður um viðtökur hljómsveitarinnar grín-

ast hann með að þær megi vera betri. „Tímaritið The Rolling Stones hefur ekki enn sett sig í samband við okkur og enginn okkar er kominn á sportbíl né snekkju.”

Strákarnir stefna á að gefa út annað lag á næstunni og vonast til þess að geta haldið tónleika í náinni framtíð.

Karلاكórinn Prestir

Ásamt Elvis Iceland og hljómsveit!

Hvolnum Hvolsvelli
26. september nk. kl. 20:00
Míðaverð 4000,-
Greitt við innganginn.



Listasafn Árnesinga opnar nýjar sýningar

Listasafn Árnesinga opnar fjórar nýjar sýningar 14. september klukkan 14. Safnið býður upp á drykki og Matkráin veitingahús í Hveragerði býður upp á snittur fyrir þau sem mæta tímanlega. Sýningarnar eru fjölbreytilegar en allar snúast þær á einhvern hátt um stöðu mannsins í heiminum, hugsanir um náttúru og áhrif mannsins á náttúruna. Safnið er ókeypis og opið alla daga nema mánudaga á veturna.

Fjórir salir með mismunandi sýningar

Í sal 1 opnar sýningin Hljóðróf, sem er ný innsetning eftir Sigurð Guðjónsson.

Þar er fengist við spurningar um hvað það er sem er sýnilegt, eða skynjanlegt, sem hluti af því hvernig við tökum þátt í heiminum, hvernig við bregðumst við umhverfi okkar og hvaða gildi við gefum ólíkum þáttum í þeirri mynd sem við gerum okkur af heiminum.

Í sal 2 opnar einkasýning Þórdísar Jóhannesdóttur Millibil

Þrátt fyrir að Þórdís Jóhannesdóttir hafi lengi notað ljósmyndina sem sinn miðil telst hún seint til hefðbundinna ljósmyndara. Ljósmyndir eru grunnurinn sem hún svo brýtur upp á, teygir og togar bæði í yfirfærðri og bókstaflegri merkingu orðanna. Þórdís sækir myndefni sitt í hversdagsleikann. Efnistökin eru form og

litafletir sem hún fangar á ferðum sínum, ýmist í myndlist annarra, arkitektúr eða úti í náttúrunni.

Í sal 3 opnar samsýningin Lífrænar Hringrásir og teygir sýningin sig yfir í anddyri safnsins, á lóð safnsins, í Hveragarðinn, að Varmá og upp í Kambana.


Listamenn eru:

Anna Lindal (IS), Elísabet Jökulsdóttir & Matthías Rúnar Sigurðsson, (IS), Freyja Þórsdóttir (IS), Heather Barnett (UK), Herwig Turk (AT), Ilana Halperin (US/UK), Jennifer Helia DeFelice (US/CZ), Magnea Magnúsdóttir (IS), Patrick Bergeron (CA), Pétur Thomsen (IS), Skade Henriksen (NO), Þorgerður Ólafsdóttir (IS)

Salur 4 opnar sýninguna Volvox (Kyllir).

Lista- og vísindamennirnir Thomasine Giesecke, Jean-Marc Chomaz, Bruno Palpant og Tom Georgel, hljóðlistamaður, koma frá París með þessa spennandi rannsóknarsýningu.

Volvox (Kyllir) er samvinnuverkefni listafólks og vísindamanna frá Hydrodynamics Laboratory í Ecole Polytechnique (LadHyX), Light, Matter and Interfaces rannsóknarstofunni (LuMIIn), og Institute of Physical Chemistry í Paris-Saclay háskólanum og Institut Polytechnique de Paris og innblásið af samnefndum, örsmáum þörungum.



Salur 1 / Gallery 1
Sigurður Guðjónsson
Hljóðróf Sonic Spectral

Salur 2 / Gallery 2
Þórdís Jóhannesdóttir
Millibil Spaces

Salur 3 / Gallery 3
Lífrænar Hringrásir
Organic Circuits

Salur 4 / Gallery 4
Volvox

14.09 - 22.12 2024

Thomasine Giesecke / Jean-Marc Chomaz / Bruno Palpant & Tom Georgel

Anna Lindal / Elísabet Jökulsdóttir & Matthías Rúnar Sigurðsson / Freyja Þórsdóttir / Heather Barnett / Herwig Turk / Ilana Halperin / Jennifer Helia DeFelice / Magnea Magnúsdóttir / Patrick Bergeron / Pétur Thomsen / Skade Henriksen / Þorgerður Ólafsdóttir

LISTASAFN
ÁRNESINGA

Umhverfissvottuð prentsmiðja

Stuðningur við skógrækt

Eitt tré fellt = Þrjú gróðursett

Hrein orka

Tækjakostur lágmarkar orkunotkun

Umhverfissvottaður pappír notaður við framleiðsluna

Umhverfissvottaður farfi notaður við framleiðsluna

Endurnýtanlegt hráefni

Stuðlað að fullnýtingu úrgangs

prentmet.ísmiðja heildarlausnir í prentun 482 1944 www.prentmetoddi.is

Umbúðir Almenn prentun Bækur Límliðar Stimplar

Stöðvuðu verðhækkanir á vinnuvélum á Íslandi

Suður England er fyrirtæki sem sérhæfir sig í innflutningi og umsýslu tækja og véla. Þeir hafa aflað sér góðrar reynslu og þekkingar, ásamt samböndum víða í Evrópu og Skandinavíu, og eru vel þekktir á þessum markaði.

Þeir opnuðu útibú á Selfossi 1. júní sl. sem bætti þjónustu

þeirra við viðskiptavinum enn frekar.

Frá Bretlandi til Íslands

Í samtali við Davíð Inga Guðjónsson, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, segir hann að fyrirtækið hafi upphaflega byrjað í Bretlandi þegar Haukur Sveinsson, æskuvinnur hans og gamall

bílasali, flutti þangað. „Það voru alltaf einhverjir karlar, gamlir vinir hans frá Akureyri, að biðja hann um að skoða einhverjar vélar.“ Í kjölfarið stofnaði hann fyrirtækið ásamt Hafþóri Hauksyni. Davíð byrjaði að starfa hjá þeim úti árið 2016 en kom heim árið 2020 og fór að vinna hjá öðru fyrirtæki. „Svo voru þeir



að bjóða mér að koma yfir til sín aftur og það endaði þannig að ég keypti mig í fyrirtækið hérna heima.“

Mikil reynsla og þekking í fyrirtækinu

Davíð segir að þeir hjá Suður Englandi hafi stöðvað verðhækkun á vinnuvélum á Íslandi með starfsemi sinni. „Við erum búnir að vera í þessu í 10 ár. Flytjum inn milli 100 og 200 vélar á ári við mjög góðan orðstír.“ Hann segir að það sem þeir hafi fram yfir önnur samskonar fyrirtæki sé reynsla þeirra og þekking. „Við byrjuðum bara í Bretlandi þar sem við keyrðum út um allt að skoða vélar og hittum alls konar karla. Við erum búnir að brenna okkur á sumum. Við teljum okkur þekkja hverjir eru traustsins verðir og hverjir ekki.“ Ef eitthvað kemur upp á er líklegt að þeir geti leyst vandamálið og séu fljótir að

bregðast við. Þeir bjóða einnig upp á auka skráningarþjónustu fyrir þá sem vilja. Þá getur fólk fengið vélinu tilbúna á númerum en það hefur ekki verið í boði hingað til.

Hver sem er getur nýtt sér þjónustuna þeirra, hvort sem vöntun er á vinnuvél, fjór-hjóli eða mótór. Best er að hafa samband við Davíð í síma 787-1199 eða senda tölvupóst á sudurengland@sudurengland.is. Þeir eru einnig á Facebook og opnuðu nýlega heimasíðuna sudurengland.is þar sem þeir eru að byggja upp sölutorg.

Að lokum vill Davíð þakka kærlega fyrir frábærar móttökur í opnunarpátýinu. „Það var ótrúlega vel mætt og skemmtilegt að sjá bændur, af því öll okkar samskipti fara fram í gegnum tölvupóst eða síma. Það var virkilega gaman að sjá hve margir mættu.“

GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR HEILSU- OG TÓMSTUNDAFULLTRÚÍ



Grímsnes- og Grafningshreppur óskar eftir að ráða heilsu- og tómstundafulltrúa í 100% starf.

Leitað er eftir öflugum og jákvæðum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi starf í samfélagi í miklum vexti.

Heilsu- og tómstundafulltrúi ber ábyrgð á tómstundamálum sveitarfélagsins og hefur forystu um verkefnið Heilsueflandi samfélag á vegum sveitarfélagsins. Hann annast einnig stefnumörkun, þekkingaröflun, þekkingarmiðlun og þróunarstarf í heilsu- og tómstundatengdum verkefnum.

Helstu verkefni:

- Þróun, skipulag, stefnumótun og samræming heilsu- og tómstundamála sveitarfélagsins.
- Starfsmaður Ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, frístundaklúbbs og félagsmiðstöðvarinnar Zetor.
- Verkefnastjórn vegna heilsueflandi samfélags.
- Umsjón með starfi eldri borgara og samráðshópi um málefni eldri borgara.
- Samskipti, samráð og upplýsingagjöf er varða starf við börn, ungmenni og foreldra.
- Hefur umsjón með og samræmir forvarnarstarf, einkum er snýr að börnum og ungmennum.
- Hefur frumkvæði að samskiptum og aðgerðum til að efla tómstundamál og heilsueflandi verkefni í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Hæfniskröfur:


- Framúrskarandi samskipta-hæfni.
- Góðir leiðtogahæfileikar.
- Háskólamenntun sem nýttist í starfi.
- Reynsla af tómstundastarfi.
- Reynsla af starfi með börnum og/eða unglíngum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri.
- Stundvísi og reglusemi.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta.
- Reynsla og þekking á stjórnsýslu sveitarfélaga kostur.
- Hreint sakavottorð.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 23. september 2024.

Sveitarfélagið hvetur öll kyn til þess að sækja um, frekari fyrirspurnir og umsóknir skal senda á sveitarstjóri@gogg.is.

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.



DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á
hverjum degi!



Kynningarfundur POWERtalk haldinn 16. september

Opinn kynningarfundur POWERtalk-deildarinnar verður haldinn 16. september kl. 20:00 til 22:00 í Selinu, Engjavegi 48, Selfossi. Öll velkomin án skuldbindingar og veitingar verða í kaffihléi.

POWERtalk-deildin Jóra á Selfossi er á sínu 32. starfsári og er hluti af landsamtökum POWERtalk. Hittingur er fyrsta og þriðja hvern mánudag kl. 20:00, oftast í Selinu, Engjavegi 48, Selfossi. Starfið stendur frá september fram í maí.

Á fundum hittast 10-15 félagar á öllum aldri, alls staðar af Suðurlandi og þjálfva hvert annað á jafningjagrunni í að standa upp og tala fyrir framan aðra. Í byrjun nægir sumum að standa upp og kynna sig með nafni, en þeir eflast með hverjum fundi og miklar framfarir sjást hjá öllum sem stunda POWERtalk. Birt er dagskrá fyrir hvern fund þar sem

félagar fá verkefni eftir því sem hver og einn treystir sér til.

Æfing er meðal annars í ræðumennsku, fundarsköpum og tímastjórnun, að semja og flytja texta, lesa ljóð, fjalla um áhugaverð málefni, framkomu og líkamstjáningu. Einnig er æfing í því að tala blaðlaust og fara ekki yfir úthlutaðan tíma í dagskránni. Reynsla er fengin í að gegna embættum og stjórna fundum. En fyrst og fremst er haft gaman saman og unnið að því að auka sjálfstraust félaga til að segja það sem þeim býr í brjósti, hvar sem er og hvenær sem er. Starfið flokkast sem námskeið og flest stéttarfélög taka þátt í greiðslu árgjaldsins.

Hægt er að fylgjast með á Facebook síðunni POWERtalk-deildin Jóra, Selfossi.

<https://www.facebook.com/groups/134781690015291>
POWERtalk-deildin Jóra



KÁRI með myndlistarsýningar í Hveragerði

KÁRI (Kári Sigurðsson) opnar tvær myndlistarsýningar í bókasafninu í Hveragerði. Sú fyrri er vísir að yfirlitssýningu með verkum allt frá árinu 1959 og fram að síðustu aldamótum. Á sýningunni eru 60 verk, nokkur þeirra eru í einkaeign. Sýningin opnar miðvikudaginn 18. september nk. kl. 15:00. Henni lýkur 5. október kl. 14:00. Á seinni sýningunni verða nýrri verk í bland við eldri, flest frá

árinu 2000 og síðar. Sýningin opnar föstudaginn 11. október nk. kl. 15:00 og stendur til 29. október kl. 18:00.

Verk Kára eru gamaldags og í sauðalitunum, en höfða til allra aldurshópa. Myndefnið er alls konar, mannvistarleifar til sjávar og sveita, litapallettan er litir landsins í mildari tónunum og oft spilað á veðráttuna. Sjón er sögu ríkari.



Öldungaráðið heimsótti gamla Mjólkurbúið

„Öldungaráðið“ á Selfossi fór í heimsókn á dögnum í Mjólkursamsöluna sem áður var Mjólkurbú Flóamanna. Ágúst Þór Jónsson rekstrarstjóri og hans menn tóku á móti gestunum með nýju skyri, rjóma og kræsingum. Töluðu þeir um að framundan væri viðbygging við stöðina, 1200 fermetrar, sem mun liggja að Austurveginum. Þetta húsnæði mun taka við Íseysskyrinu, en allt skyr bæði fyrir

innanlandsmarkað og útlönd er framleitt á Selfossi. Mjólkursamsalan hefur dafnað vel í faðmi Mjólkurbús Flóamanna. Þar starfa 112 starfsmenn auk 18 bílstjóra sem sækja mjólkina. Í gegnum stöðina fara 74 milljónir lítra af mjólk eða um helmingur allrar framleiðslunnar á landinu. MS er með framleiðslustöðvar á Selfossi, Egilstöðum, Akureyri og Búðardal. KS eða Kaupfélag Skagfirðinga

á 20% í Mjólkursamsölnni og rekur mjólkurbú á Sauðárkróki. Auðhumla, samvinnufélag kúabænda, á 80% í MS. Svo er dreifingar- og stjórnstöð MS á Bitruhálsi í Reykjavík. „Það voru hamingjusamir og vel upplýstir menn sem þökkuðu morgunstund í MS,“ segir í tilkynningu frá Guðna Ágústssyni, meðlimi öldungaráðsins.



ÞRIÐJUDAGSSAMVERUR Í SELFOSSKIRKJU

Þriðjudagssamverur hefjast á ný í Selfosskirkju nú í september og verða aðra hverja viku frá kl. 14–15:30.

Samverurnar verða léttar og óformlegar að vanda með heimilislegu andrúmslofti og góðum gestagangi, að ógleymdu rjúkandi kaffi.

Eigum saman góða stund, spjöllum og tókum jafnvel lagið.

Sem fyrr tókum við á móti góðum gesti á hverri samveru sem miðlar okkur einhverju áhugaverðu séð frá sínum bæjardyrum.

Verið hjartanlega velkomin



Þriðjudagurinn 17. september

Gestur: Bragi Bjarnason, bæjarstjóri Árborgar



Þriðjudagurinn 1. október

Gestur: Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands



Þriðjudagurinn 15. október

Gestur: Guðný Ingvardsdóttir

Þriðjudagurinn 29. október

Gestur: Viðar Stefánsson, prestur

Þriðjudagurinn 12. nóvember

Gestur: Björn Bjarndal Jónsson, skógarverkfræðingur

Þriðjudagurinn 26. nóvember

Gestur: Þuríður Jónsdóttir



ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILDARLAUSNIR
Í PRENTUN

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

HEILSA

Þjáist þú af einhverju
eftirfarandi:

Svefnvandamál • Fælni
Fíkn • Krónískir verkir
Fortíðar draugar • Áföll
Gömul áföll
Kvíði • Þráhyggja

Bæta andlega líðan

Bæta árangur í námi
Hugræn endurforritun

Dáleiðsla, heilun,
samfatsmeðferð



Svandís Birkisdóttir
svandisb@gmail.com
Sími 835 8555

FUNDIR



Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í
Hrúsholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrúsholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrúsholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosus.
Poniedzialek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrúsholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrúsholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrúsholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.



Hafðu samband
og fáðu tilboð í
auglýsingar í blaðið
og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

KIRKJA

Selfosskirkja
Sunnudagaskóli kl. 11:00,
umsjón Sjöfn og leiðtogar.
Kvöldmessa kl. 20:00, hljóm-
sveitin Slow Train spilar lög eftir
Bob Dylan. Prestur Guðbjörg
Arnardóttir.

Kyrrðarþæn þriðjudaga kl.
12:00.
Morgunþæn miðvikudaga kl.
10:00.

Þriðjudaginn 17. september er
komið að fyrstu þriðjudagssam-
veru vetrarins, gestur samveru-
unnar að þessu sinni er Bragi
Bjarnason bæjarstjóri.

Sjá upplýsingar um starf
Selfosskirkju á selfosskirkja.is.

Eyrarbyggjakirkja

Messa sunnudaginn 15. sept-
ember kl. 11:00. Kammerkór
Eyrarbyggjakirkju syngur, organ-
isti Pétur Nói Stefánsson, prest-
ur Guðbjörg Arnardóttir.

Gaulverjabæjakirkja

Messa sunnudaginn 15. sept-
ember kl. 14:00. Kirkjukórinn
syngur, organisti Haukur Arnarr
Gíslason, prestur Guðbjörg
Arnardóttir.

Hveragerðiskirkja

Fjölskyldugönguþjónusta kl. 11.
Barnakór kirkjunnar kemur fram
og VÆB bræður. Bibliúsaga,
söngur og gaman. Sr. Ninna Sif
Svavarsdóttir þjónar.

Skálholtskirkja

Messa í Skálholti kl. 11 sunnu-
daginn 15. september. Sr.
Haraldur M. Kristjánsson præ-
dika og þjónar fyrir altari.
Organisti er Jón Bjarnason.

HEILSA

Dáleiðsla
Heilsa

Dáleiðsla til að finna rót
vandamála líkamlegra sem
andlegra.

Dáleiðsla til skemmtunar
m.a. til að sjá líðna atburði
og jafvel fyrri lífi! - Hvar varst
þú í fyrra lífi?

Einkatímar, en einnig er
hægt að bóka fyrir hópa í
heimahúsum.

Einnig augnlestur, heilsuráðgjöf,
nudd og svæðanudd.

Bókanir á

heilsulindeildars@simnet.is
eða í síma 898 1501 (SMS)

Heiðar Ragnarsson

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlun



Jákvæðar
hugsnið breyta
deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í íþróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsuuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.



Lokanir og tafir á vegum

Búast má við umferðartöfum
v. fjárrekstrar á Þjórsárdals-
vegi (nr. 32) frá hádegi og fram
eftir degi fimmtudaginn 12.
september, allt frá Búrfelli og að
Ásólfstöðum.

Föstudaginn 13. september
má búast við töfum á Þjórsárd-
alsvegi frá Ásólfstöðum að
Skaftholtsréttum á milli kl. 6.00
til ca. kl. 12.00

Tafir verða á milli Bólstaðar
og Sandlækjarholts frá kl. 16-
18 föstudaginn 13. september
vegna fjárrekstrar og búast má
við umferðartöfum fyrir ofan og
neðan þetta svæði þann dag.

Búast má við umferðartöfum
á Skeiðavegi (nr. 30), laugar-
daginn 14. september v. fjár-
rekstra úr réttum.

Öflugt vetrarstarf Félags eldri
borgara á Selfossi að hefjast

Þegar líður að seinni hluta
septembermánaðar kemst
hreyfing á öflugar nefndir,
stjórnir og námskeiðshaldara
sem hefja undirbúning að öflugum
vetrarstarfi FebSel. Það er stór
hópur öflugra einstaklinga sem
kemur að vetrarstarfinu ár hvert
og verður þeim seint fullþökkuð
sú vinna.

Kynningarfundur vetrar-
starfsins verður fimmtudaginn
19. september og hefst hann á
léttum kaffiveitingum kl. 14.45
í boði stjórnarinnar. Þegar allir
hafa notið veitinganna hefjast
kynningar á starfi vetrarins
eins og það liggur fyrir. Og af
mörgu er að taka að venju. Má
þar nefna myndlist, leiklist,
sönglist, tálgun, spil, lestur önd-
vegisbókmennta, leikhúsfærðir,
gönguferðir, hreyfifimi af öllum
gerðum og styrkleikum og jóga
til slökunar.

Þátttaka í starfi félagsins
er gefandi, að hitta fólk, rabba
saman yfir kaffibolla og njóta.

Skráningarlistar munu liggja
frammi í Grænumörkinni eða til-
kynnt um annað skráningarform.

Öflug opin hús verða á
fimmtudögum og munum við
þar vera með fræðandi fyrir-
lestra, skemmtileg innslög, söng
og alls kyns uppakomur. Kynn-
ingarfundur viðburðarstjórnar

er fimmtudaginn 26. september.
Kvenfélagið mun sjá um veiting-
arnar í vetur eins og þær gerðu
sl. vetur og slógu þær í gegn.

Árshátíð FebSel verður 7.
nóvember á Hótel Selfossi, með
öflugri skemmtidagskrá og létt-
um snúningum.

Aðventuhátíð verður 4. des-
ember með hátíðlegum söng og
nærveru og ljúfum veitingum.

Við vekjum athygli á því að
þetta öflugum starf sem við erum
með í félagsmiðstöðinni okkar í
Grænumörkinni og víðar er fyrir
alla eldri borgara í Árborg.

Það er öflugt starf framundan
og allir velkomnir. Ef einhver
hefur áhuga á að brydda upp á
nýjum námskeiðum eða koma
með hugmyndir að einhverju
skemmtilegu þá endilega hafið
samband við stjórnina.

Við hvetjum alla eldri borgara
að skrá sig í Félag Eldri Borgara
á Selfossi í gegnum netfangið
febsel@febsel.is eða koma
við á skrifstofu félagsins á opn-
unartíma.

Takið þátt í öflugum starfi eldri
borgara á Selfossi og njótið ykk-
ar í öflugum félagskap.

Magnús J. Magnússon,
formaður Félags eldri borgara
á Selfossi





VIÐ ERUM FRAMÚRSKARANDI!



Samkvæmt nýjustu rannsóknum Brandr vísitölunnar þá skorum við frammúrskarandi í samanburði við íslensk fyrirtæki m.a. í þessum þáttum:

- **Reynslumikil á sínu sviði**
- **Gæða þjónusta**
- **Áreiðanleiki**
- **Græn þjónusta**



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límniðar



Stimplar

📍 Lyngháls 1, 110 Rvk 📞 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss 📞 482 1944
Glerárgötu 28, 600 Akureyri 📞 4 600 700

🌐 prentmetoddi.is





Ávaxtakarfan í Hveragerði

Leikfélag Hveragerðis er lomið á fullt í verkefni vetrarins sem að þessu sinni er Ávaxtakarfan, en hana ættu flestir landsmenn að kannast við. Hún hefur verið sett upp mörgum sinnum síðustu áratugi bæði í atvinnu- og áhugaleikhúsum við góðar undirtektir. Ávaxtakarfan tekur á mikilvæg-

um málefnum, svo sem einelti og fordómum. Mæja jarðarber er lögð í einelti af hinum í körfunni af því hún er ekki eins og þau. Henni er ætlað að þrifa, taka til og þjóna hinum. Immi ananas er voldugasti ávöxturinn og ætlar að krýna sjálfan sig konung. Svo breytist allt þegar Gedda gulrót kemur í körfuna.

Leikstjórn er í höndum Gunnars Gunnsteinssonar, en hann leikstýrði Ávaxtakörfunni einnig í Óperunni árið 1998 og í Austurbæ 2005. Andrea Gylfadóttir sér um söngþjálfun.

Stefnt er að því að frumsýna laugardaginn 28. september nk. og mun miðasala fara fram á Tix.is.

Fyrsta skóflustungan tekin á 60 ára afmælinu

Verslunin Karl úrsmiður á Selfossi fagnaði 60 ára afmæli 5. september sl. Var því fagnað með blöðrum og veitingum ásamt tilbodum og afslætti í versluninni. Þá eru einnig önnur tímamót hjá versluninni þar sem framkvæmdir hófust sama dag við að grafa fyrir nýbyggingu við Austurveg 11 þar sem verslun Karls úrsmíðs stóð í 58 ár, en hún stendur núna á Eyra-vegi 38 á Selfossi.

Bogi Karlsson, sonur Karls R. Guðmundssonar stofnanda fyrirtækisins, segir í samtali við

Dagskrána að pabbi hans myndi aldrei trúa því að það yrði svona gamalt. „Það var ekki spáð vel fyrir honum þegar hann kom hingað fyrst og það voru hér 1900 íbúar.“ Upphaf rekstursins byrjaði þannig að kaupfélagið á Selfossi tók á móti biluðum úrum og Karl sá um að gera við þau, en á sama tíma var hann í fullri vinnu í Reykjavík. Eftirspurnin eftir úraviðgerðum var seinna orðin það mikil að hann réði ekki við bæði störf. Staðan var sú að hann þurfti annað hvort að hætta þessum viðgerðum eða

hætta vinnunni í Reykjavík. Hann valdi seinni kostinn og opnaði svo eigin verslun á Selfossi sem stendur enn í dag.

Karl úrsmiður er eitt af elstu fyrirtækjunum á Selfossi. Þess má geta að það var með þeim fyrstu til þess að auglýsa í Dagskránni fyrir 60 árum.

Nýja húsnæðið verður á fjórum hæðum þar sem verslunin verður á neðstu hæðinni og hinar þrjár verða íbúðarhúsnæði. Stefnt er að því að það verði tilbúið árið 2026.

EHJ



FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRACCH AF VINÁTTU!
Josera
Fæst hjá
BYKO Selfossi

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

ÖKULAND
Endurmenntun
atvinnubilstjóra
Akstursþjálfun
okuland.is

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

**STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS**
Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun
Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bíluúðskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is